



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hof

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Efnisyfirlit

1	Efnisyfirlit.....	2
2	Leiðarljós leikskólans.....	3
2.1	Greinargerð leikskólastjóra.....	3
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	4
3.1	Innra mat.....	4
3.2	Ytra mat.....	4
3.3	Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	4
4	Innra mat deilda.....	5
4.1	Rauðadeild.....	5
4.2	Hvítadeild.....	7
4.3	Svartadeild.....	8
4.4	Fjólubláadeild.....	8
4.5	Grænadeild.....	10
4.6	Guladeild.....	10
5	Innra mat sérkennslu.....	12
5.1	Mat á sérkennslu 2020-2021.....	12
5.2	Umbótaáætlun.....	13
6	Innra mat – fjöltyngd börn.....	14
6.1	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021.....	14
6.2	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022.....	15
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
8	Foreldrasamvinna.....	16
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	16
10	Fylgigögn.....	17
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	17



2 Leiðarljós leikskólans

2.1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið hófst eins og venjulega á skipulagsdegi starfsfólks. Miklar takmarkanir voru á skólastarfi og starfsemi skólans langt frá því að vera eðlileg. Fljótlega eftir að skólastarf hófst þurfti að setja upp þrjú hólf og skipta starfseminni upp. Útbúnar voru þrjár kaffistofur og í sama rými vinnuaðstaða fyrir kennara. Undirbúningur var oft unninn heima þar sem ekki var aðstaða til að vinna í friði í skólanum. Í lok október kom upp smit á einni deild og þurftu börn og starfsmenn tveggja deilda að fara í sóttkví og deildirnar lokuðu. Sem betur fer breiddist smitið ekki út og starfsemin fór í samt lag aftur að sóttkví lokinni. Þegar líða fór að vori var hægt að slaka aðeins á og aflétta ýmsum takmörkunum. Það hefur haft verulega mikil áhrif á starfsandann og starfsemina að vinna svo mikið í hólfum og vonum við að ekki komi til þess aftur.

Vetrarstarfið með börnunum gekk vel þrátt fyrir takmarkanir og alls kyns starf í gangi. Sjálfsefning og félagsfærni var okkar áhersla í innleiðingu á menntastefnunni og þó fræðsla hafi orðið minni en áætlað var gekk vel að innleiða það í starfið. Vanda Sigurgeirsdóttir kom með erindi á skipulagsdag en vegna takmarkana og mikilla verkefna hjá henni var lokahnykkurinn aldrei tekinn. Allar deildir unnu þó að verkefninu enda mikil reynsla og þekking úr fyrri verkefnum um efnið.

Á næsta skólaári munum við enn og aftur vona að betur gangi að sinna skólastarfinu með eðlilegum hætti. Að starfsmenn geti fundað reglulega, hist á teymisfundum og skipulagsdögum og verið sameinuð í starfi eins og þarf. Starfsmannahópurinn ákvað að taka *Heilbrigði* næst fyrir og starfsmenn valdir í heilsuteymi til að halda utan um þá innleiðingu.

Leikskólinn fagnaði 25 ára afmæli sínu í byrjun sumars. Starfsmenn gerðu sér glaðan dag á skipulagsdegi þegar loksins var hægt að vera öll saman, fengu m.a. Önnu Steinsen frá Kvan til að koma og tala um leiðir að betri samskiptum, finna gleðina og samkenndina í hópnum. Á afmælisdaginn var haldin vegleg sumarhátíð en því miður gátu foreldrar ekki tekið þátt í þeim hátíðahöldum.

Í sumar urðu heilmiklar breytingar í skólanum, sjöunda deildin sem opnaði sumarið 2019 lokaði og starfsemin dregin saman. Börnunum fækkaði um 16 en húsnæðinu var breytt í starfsaðstöðu kennara sem höfðu hrópað lengi á betri vinnuaðstöðu. Einnig var eldhúsið tekið í gegn en verklok hafa dregist en verða vonandi fyrir jól.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

3.1 Innra mat

Innra mat var gert á deildum og er inni í matsköflum hvernar deildar. Ekkert var unnið í hópum þvert á deildir á síðasta skólaári vegna hólfunar og takmarkana. Innleiðing menntastefnunnar gekk vel þrátt fyrir litla þátttöku Vöndu Sigurgeirsdóttur, sem var aðalfræðimaður verkefnisins. Þar býr skólinn vel að þekkingu enda búinn að vinna lengi með henni og margir starfsmenn höfðu fengið fræðslu áður.

3.2 Ytra mat

Foreldrakönnun var gerð á skólaárinu, góð þátttaka foreldra er ánægjuleg en svarhlutfall var 82.9%, almenn ánægja foreldra kemur fram í könnuninni, þeir segja barninu líða vel í skólanum og mikill meirihluti telur barnið öruggt í skólanum. Helst eru gerðar athugasemdir við lítið samráð, minni upplýsingar og almennt minni afskipti af leikskólastarfinu og því sem barnið er að gera í skólanum. Það er algjörlega í takt við miklar takmarkanir í skólastarfi vegna sóttvarna.

Starfsmannakönnun var einnig gerð á síðasta skólaári, starfsánægja starfsmanna hækkar örlítið og starfsmenn telja sig hæfa og áhugasama. Ekkert einelti eða áreitni mælist og er það fagnaðarefni.

3.3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Stjórnun – *Innleiðing örviðtala í stað hefðbundinna starfsviðtala.* Stefnt er að því að taka þrjú stutt viðtöl við deildarstjóra og starfsmenn yfir skólaárið. Sett verður upp áætlun í nóvember sem miðar að því að hver starfsmaður fái viðtal fyrir júl, annað viðtal í jan/feb og þriðja viðtalið á vormánuðum. Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri taka viðtöl. Auk þess er stefnt að því að deildarstjóri taki a.m.k. eitt viðtal við hvern deildarstarfsmann á ári. Stjórnendur meta að vori.

Uppeldis- og menntunarstarf – *Innleiðing menntastefnunnar,* Heilbrigði. Heilsuteymi skipað starfsmönnum sem leggja línur og koma með hugmyndir að verkefnum og umræðuefnum. Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð ásamt þriggja manna starfsmannateymi. Allir starfsmenn framkvæma með barnahópnum. Verkefnið verður metið með barnahópnum reglulega yfir veturinn, starfsmannahópurinn metur á skipulagsdögum á vorönn.

Agastefna Hofs, Stefnt er að því að koma agastefnu skólans út á næsta skólaári. Deildarstjórahópurinn kynnir sér ólíkar agastefnur auk þess að safna upplýsingum frá öðrum skólum. Þriggja manna teymi heldur utan um vinnuna en leikskólastjóri ber ábyrgð. Starfsmannahópurinn tekur þátt í vinnunni á skipulagsdögum að vori.

Endurskoðun námskrár - Skólanámskráin er síðan 2016 og orðið aðkallandi að endurskoða námskrána og bæta og breyta nokkrum áhersluköflum. Deildarstjórar stýra hópum ásamt starfsfólki á skipulagsdögum í vetur en leikskólastjóri ber ábyrgð á verkinu. Seinna í ferlinu munu bæði börn og foreldrar koma að vinnunni. Áætlað er að gefa námskrána út á næsta ári með nýju útliti og aðgengilegri texta.

Mannauður/leikskólabragur - *Bætt vinnustaðamenning.* Eftir erfið skólaár þar sem verkföll dundu fyrst á hópnum og svo miklar takmarkanir af völdum covid-19 er nauðsynlegt að huga vel að starfsmannahópnum, hlusta á raddir starfsmanna, huga að vinnuaðstöðu og líðan í vinnunni. Leikskólastjóri hefur mikinn áhuga á að bæta samskipti allra starfsmanna, auka virðingu og gleði sem leiðir af sér betri líðan og sátt í starfinu. Starfsmannahópurinn kemur allur að verkinu en stjórnendur hafa yfirumsjón ásamt deildarstjórum sem eru lykilstarfsmenn að góðri menningu inni á hverri deild.



Viðtöl, vinna við námskrá, agastefnu og innleiðing heilbrigði í menntastefnunni eru allt þættir sem nýttast og eiga að endurspeglar góða vinnustaðamenningu. Auk þess verður lagt upp með að vinnustytting gangi vel, starfsmenn geti notið orlofs sem það á og að létt og skapandi andrúmsloft ríki í skólanum. Námsferð verður gulróttin að vori en nú þegar er farið að leggja drög að námsferð innanlands í maí.

Innra mat – Lubbi

Markmið með umbótum: Að vinna eftir áætlun sem gerð hefur verið fyrir öll aldurstig skólans. Hafa Lubba sýnilegan á öllum deildum.

Aðgerðir til umbóta: Nefnd skipuð nokkrum starfsmönnum bjó til áætlun um hvernig málhljóðin verða kynnt fyrir börnunum.

Tímaáætlun: veturinn 2021 - 2022

Ábyrgðaraðilar: Deildarstjórar á hverri deild

Endurmat: Metið með barnahópnum, á deildarfundum og á skipulagsdegi í maí 2022

Sjálfsfelling og félagsfærni

Markmið með umbótum: Að viðhalda verkefni sem unnið hefur verið sl. ár í skólanum undir leiðsögn Vöndu Sigurgeirsdóttur.

Aðgerðir til umbóta: Á deildarfundum er farið yfir þau gögn sem notuð eru, s.s. félagaval, 0-5 skráningar. Félagsfærnisögur, spil, leikir og verkefni með barnahópnum.

Tímaáætlun: Veturinn 2021-2022

Ábyrgðaraðilar: Deildarstjórar á hverri deild

Endurmat: Með barnahópnum á vorönn og á skipulagsdögum í febrúar og maí 2022.

4 Innra mat deilda

4.1 Rauðadeild

Rauðadeild tók við nýjum barnahópi að hausti. Við byrjuðum á að æfa okkur í samskiptum, læra að leika saman, deila dóti, en umfram allt að hafa gaman.

Dagskipulagið var hefðbundið og börnunum skipt í fjóra hópa. Hver starfsmaður sér um sinn hóp og passar að öll verkefni fari í ferilmöppur. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega og öll ferilmöppuverkefni eru komin á sinn stað í möppu barnanna.

Covid19 hefur sett strik í reikninginn, við gátum ekki verið í eins miklu sambandi við Bláudeild og til stóð, m.a. að hafa sameiginlegar Lubbasöngstundir einu sinni í viku. Einnig var mjög erfitt að

foreldrarir fengu ekki að koma inn á leikskólann, en við aðlöguðum okkur að breyttum aðstæðum og höfum átt mjög góð samskipti við foreldrana.



Gefðu 10: á deildinn eru fjögur tvítyngd börn og tvö af þeim eru með annað foreldrið íslenskt. En hin tvö eru með báða foreldra ef erlendum uppruna á deildinni og markmiðið er að vera dugleg að skrá niður stundir með þeim. Hefðum mátt vera duglegri í gefðu 10.

Hvert líf er einstakt: fyrirlestur með Vöndu. Æfum okkur í að vera góð hvert við annað, skiptumst á og rífum ekki af. Og notum orðin okkar þegar við viljum eitthvað.

Útinám: æfum okkur í að fara í gönguferðir, halda í vinaband og vera í röð. Þetta hefur gengið ágætlega. Allir hafa náð að æfa sig að fara í gönguferð. Hópurinn er mjög duglegur að labba.

Útiöldun: Það tókst að elda úti í eitt skipti fyrir áramót, en þá gerðum við samlokur í kaffinu á Murikku pönnunni, með Bláudeild. Börnunum fannst það mjög skemmtilegt. Einnig nýttum við fallegan sumardag um daginn og drukkum öll saman út á palli.

Hópastarfið hefði mátt vera markvissara og skipulegra hjá okkur, við tókum okkur á fyrir næsta vetur og það verður yndislegt að fá að vera með hluta af hópnum áfram á deild.

4.2 Bláadeild

Félagsfærni, sjálfsefning og samskipti, „Hvert líf er einstakt“: Fylgst var með börnunum í leik og þeim var leiðbeint ef þess þurfti. Deildin hefði þó mátt standa sig betur við að skrá niður til að fylgjast með framvindu. Lögð var áhersla á að barnahópurinn ætti í jákvæðum samskiptum sín á milli sem gekk almennt vel þótt árekstrar yrðu inn á milli. Almennt gekk vel að kenna börnunum að segja stopp en reglulegar 0-5 skráningar voru ekki eins markvissar og áætlað var.

Sjálfsefning: Lögð var mikil áhersla á að börnin æfðu sig í sjálfshjálp. Þetta gekk vel í fataklefanum þar sem börnin æfðu færni sína í að klæða sig sjálf. Á sama tíma hefði mátt leggja meiri áherslu á að æfa börnin í að ganga frá eftir matinn sem gekk ekki eins vel.

Málörvun: Lögð var mikil áhersla á málörvun í öllu starfi deildarinnar en í því fólst meðal annars að leggja orð á alla hluti í daglegu starfi, til dæmis í fataklefanum, matartímum og fleira. Starfsfólk var mjög meðvitað um þetta og tókst þetta vel. Börnin voru á misjöfnum stað varðandi máltöku og því var lagt upp með að mæta hverju barni þar sem það var statt á hverjum tíma fyrir sig. Unnið var með Lubbi finnur málbein verkefnið sem byrjaði mjög vel um haustið en fór að dala fljótlega þar sem vantaði betri skipulag. Lesnar voru bækur í hvíldinni fyrir þau börn sem hætt voru að sofa og lesið fyrir öll börn þegar tími gafst yfir daginn. TRAS var tekið á öllum börnum á vorönninni. Starfsfólk skipti börnunum á milli sín, hvert með um það bil fjögur til fimm börn. Hvert TRAS var síðan rætt á deildarfundi og deildarstjórinn skráði síðan niðurstöðurnar í kjölfarið. TRAS hafði ekki verið tekið í heilt ár af flestum börnum og því var mikilvægt að þessi vinna yrði unnin. Deildarstjórinn fór á TRAS námskeið í mars og búið var að taka TRAS á öllum börnum í júní.

Gefðu 10: Verkefnið gekk ágætlega þar sem áhersla var á fjöltyngd börn en einnig önnur sem þurftu stuðning varðandi skilning og tjáningu. Starfsfólk var meðvitað um þetta en erfiðlega gekk að halda sig við að skrá sem datt síðan alveg út þegar leið á.

Skapandi starf: Um haustið reyndist erfitt að byrja á skapandi verkefnum í listasmiðju þar sem aðlögun var krefjandi og tók langan tíma. Opin efniviður er samt sem áður áberandi á deildinni og börnin fengu því tækifæri til að nota eigið ímyndunarafl og hugmyndaflug til að skapa í leik. Eftir áramót gekk betur að vinna skapandi verkefni og var stærsta verkefnið að hanna og búa til eigin Öskudagsbúninga. Það ferli tók töluverðan tíma og gekk mjög vel. Á vorönninni gekk betur að nota listasmiðjuna og börnin



fengu því fleiri tækifæri til að teikna, lita og mála. Söngstundir voru reglulega en að sama skapi voru skráningar ekki nægilegar til að hafa yfirsýn yfir hvaða lög voru sungin.

Útinám: Farið var í gönguferðir þegar tækifæri gafst markvissara plan hefði mátt vera til staðar til að auðvelda það að halda utan um hverjir fóru og hvert var farið. Einnig hefði mátt nýta nánasta umhverfi leikskólans betur fyrir verkefni og umræður í samverustundum

4.3 Hvítadeild

Læsi og samskipti: Börnin voru hvött til að viðhafa jákvæð samskipti og tekið var á þeim málum þar sem starfsfólk tók eftir neikvæðum samskiptum. Við lásum vinabækur og fórum yfir hvað jákvæð og neikvæð samskipti eru, gerðum plagg þar sem börnin fóru yfir hvað góðir vinir gera og gera ekki og minntum börnin á þau ásamt því að rifja það upp reglulega yfir veturinn. Einnig fórum við nokkrum sinnum yfir hrós og hvernig maður hrósar öðrum. Þrátt fyrir þá vinnu er björninn ekki unninn því að nokkur börn taka það ekki til sín þrátt fyrir að vita upp á hár hvað er rétt og hvað er rangt.

Sjálfeflingin gekk vel og börnin hafa styrkst mikið í vetur og hafa eflst. Félagsfærnin hefur einnig gengið vel en hefði mátt ganga betur og meira um samvinnuleiki og verkefni.

Stafirnir eru sýnilegir uppi á vegg og þau hafa aðgang að bókum til að lita/skrifa í, skrif færur og stöfum sem þau geta raðað saman í orð/nöfnin sín og nýttu sum hver það til að æfa sig að skrifa og stafa nafnið sitt.

Heilbrigði og vellíðan: Hreyfing inni/útivera: Börnin fóru út einu sinni til tvisvar á dag og í ferðir. Þau fengu nokkra tíma í Ármanni þar sem íþróttافرæðinemar tóku á móti þeim. Einnig nýttist hreyfisvæðið á þeim dögum sem við áttum það en hópurinn var mjög duglegur að hreyfa sig inni á deild.

Börnin náðu flest öll að slaka á í hvíld þar sem þau hlustuðu á sögur eða róandi tónlist. Hvíldartíminn var oft nýttur í slökunarstundir þar sem slökunin var leidd áfram af slökun fyrir börn á spotify og einstaka sinnum fóru þau í jóga á hvíldartíma. Næsta vetur verður vonandi jóga og slökun skipulagðara inni í starfinu.

Sjálfbærni og vísindi: Við höfum verið dugleg að fara í gönguferðir og ferðir með strætó, heimsókn í grasagarðinn og húsdýragarðinn og bókasafnið og kennt börnunum á umhverfið, þær umferðarreglur sem við eiga og þess háttar í þeim ferðum og hafa þær gengið nokkuð vel. Einnig fórum við á Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn, Fjöruferðir og ásamt því að fara í Elliðaárdalinn, Reynisvatn og út í Laugardal. Við þurfum að bæta úr útiölduninni næsta vetur og gera henni hærra undir höfði. Ferðirnar og útíveran hafa verið nýtt til að ræða umgengni um gróður og pöddur og að það þurfi ekki að slíta allt upp eða kremja pöddurnar.

Sköpun og menning: Hópastarfið byrjaði vel með haustinu en féll niður þegar kom að öskudagsbúningagerð og púðagerð og náði sér ekki á strik aftur en við tóku æfingar fyrir Barnamenningarhátíð og útskrift.

Börnin fóru reglulega í tónslitarstundir með tónlistarkennara þar sem þau kynntust mismunandi tónlist, lögum og hljóðfærum.

Við tókum þátt í Karimarimambó þar sem börn sungu lög eftir Aðalstein Ásberg og sungu þau svo í opnu streymi úr ráðhúsinu Við höldum upp á daga Póllands, Englands, Litháen, Tékklands og Spánar en börn frá þessum löndum eru á deildinni.



4.4 Svartadeild

„Hvert líf er einstakt“ Höfum farið vel yfir með börnunum hvað þau eigi að gera ef þau lenda í árekstrum við önnur börn, tala saman en ekki slást, skiptast á, hlusta á hina og gera stundum það sem þeir vilja og ef ekkert gengur finna kennara til að aðstoða.

Við gerðum plakat þar sem við skrifuðum niður hvað góður vinur gerir og segir og hvað hann gerir ekki og segir ekki. Við gerðum plakat þar sem við fórum yfir kurteisi, rifjum reglulega upp.

Við notum orðin kurteisi og tillitssemi í daglegu tali.

Notuðum bækurnar „Hands are not for hitting“ og „Words are not for hurting“, umræður og verkefni í tengslum við lestur þeirra.

Við gerðum lausnahjól, börnin skoða það og leika með örina en hafa ekki farið sjálf að því til að finna hvað hægt er að gera.

Jógastundir: Fórum af stað með þær einu sinni í viku eftir áramót.

Eldri árgangur var í 6 manna hópum sem er passlegur fjöldi ef börnin eiga að fá eitthvað út úr þessu. Þau voru flest áhugasöm og margir komu á óvart, en sérstaklega eitt barn átti mjög erfitt með þetta, fannst þetta asnalegt og var neikvæður.

Yngri árgangur var í 8 manna hóp. Það er fullmikill fjöldi fyrir þennan barnahóp þar sem margir krefjandi einstaklingar eru. Sumum fannst þetta mjög erfitt á meðan aðrir blómstruðu.

Sami kennari búinn að vera með jógað og hefur verið að prófa sig áfram með ýmislegt, hvað gengur og hvað ekki. Það er mikilvægt að hafa fjölbreytni í bland við það sama aftur og aftur.

Tónlistarstundir: Þessi liður breyttist þegar tónlistarkennari tók að sér að vera með börnin á okkar deild í tónlistartímum líka. Því hefur starfsfólk deildarinnar ekki verið með tónlistarstundir.

Starf vetrarins hefur litast af krefjandi barnahóp þar sem mikill tími fór í nokkra einstaklinga og vinnufriður með minnsta móti. Hópastarf gekk vel framan af, en þegar kom að gerð öskudagsbúninga datt það upp fyrir og við áttum erfitt með að koma okkur af stað í hópastarf í sama formi. Við unnum þó mörg verkefni í litlum hópum eða eitt í einu þrátt fyrir það, t.d. púðaverkefni og ræktun. Eldri hópur fór í Lubbastundir einu sinni í viku í hvíldinni, stundum var sá tími þó tekinn í annað eins og verkefni tengd barnasáttmála, eineltisverkefni og að vinna úr ferðum. Yngri hópur fór líka í nokkrar Lubbastundir.

Ferðir hafa verið með öðru sniði en í venjulegu árferði, við náðum þó að fara á Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðminjasafn Íslands, Árbæjarsafn og í Norræna húsið. Annars hefur áherslan verið á Laugardalinn og næsta umhverfi.

4.5 Fjólubláadeild

Sjálfsfelling, félagsfærni og samskipti: Við byrjuðum í haust að vinna með sjálfsfellingu og félagsfærni. Börnin settu sér markmið sem þau unnu að í vetur. Þetta verkefni gekk mjög vel og börnin voru áhugasöm og þessu var fylgt vel eftir af starfsfólki með skráningum og myndum. Við höfum unnið mikið með framsögn í vetur þannig að hvert barn komi fram fyrir framan aðra í hópnum með að standa í pontu og kynna sig og ýmis verkefni. Núna í lok vorannar fengu börnin að koma með hlut að heiman sem þau kynntu fyrir hópnum og buðu síðan upp á spurningar. Þetta gekk mjög vel og við höfum fundið hversu



mikið öryggi barnanna við að koma fram hefur aukist. Áhugi starfsfólks og eftirfylgni var góð í verkefninu

Við settum upp spjöld með tilfinningamyndum og hugmyndum að lausnum og eins gerðum við kassa með ýmsu slakandi efni í. Börnunum fannst mjög gott að geta tónað sig við myndirnar og leitað að lausnum ef þess þurfti. Eins gerðum við lausnarhjóla fyrir þau og þangað gátu þau leitað ef upp kom ágreiningur í hópnum. Þessar myndir eru hugsaðar sem hjálpartæki fyrir börnin og að þau læri að leysa ágreiningsmál upp á eigin spýtur. Þessi spjöld komu vel út og við fundum að hópurinn náði nokkuð oft að leysa málin sjálf.

Við unnum áfram með verkefnið *Hvert líf er einstakt* og fylltum reglulega út lista tengda því í vetur. Börnin gerðu ýmis verkefni þessu tengt t.d. *til hvers notum við hendurnar*. Við ákváðum að telja einungis fram því sem við gerum jákvætt með höndunum og það hefur virkað vel á hópinn. Við höfum reglulega farið í vinahring en hann gengur út á að börnin myndi hring og síðan gefa þau barninu sem er þeim á hægri hönd falleg orð. Við vorum með vinadaga í vetur en þá fékk hvert barn að velja viðfangsefni fyrir allan barnahópinn. Þetta verkefni var mjög skemmtilegt og hópurinn ánægður. Við viljum gera enn betur en finnum þó að mikill árangur hefur náðst í vetur.

Samstarf milli deilda: Í vetur hefur verið þónokkuð samstarf á milli árgangs 2016 á Svörtu og hér á Fjólubláu. Við fórum saman í ýmsar ferðir og útínám. Eins komu þau til okkar að leika bæði úti og inni. Minna samstarf hefur verið með jafnöldrum okkar af Grænudeild og kemur það til bæði því þau voru í öðru sóttvarnarhólfi og í þeirra skipulagi lögðu þau áherslu á að vinna þvert á aldurinn á deildinni sem er 2016 og 2017. Árgangurinn gerði þó í heild ýmislegt saman. Hópurinn fór saman á Árbæjarsafnið og það gekk vel og var skemmtilegt. Það var ákveðið að hafa fyrsta fimmtudag í mánuði sameiginlegan leikjadag inni á svæðum í aðalbyggingunni. Þessi dagar voru góðir og hópurinn ánægður að hittast og leika en vegna sóttvarnarhólfa þá varð þetta ekki nógu markvisst en það væri gaman að bæta úr því næsta vetur. Okkur finnst mikilvægt að árgangar þekkist þvert á deildir því viljum við auka samstarfið næsta vetur.

Þjóðadagar: Það var ákveðið að hver deild myndi halda upp á þá þjóðadaga sem fylgdu þeirra deild. Hér komu börn frá tveimur löndum fyrir utan Ísland. Börnin fengu léttu kynningu á þeim löndum og útbjuggu fána. Við sungum Meistari Jakob á þessum tungumálum og skoðuðum myndir og myndbönd frá löndunum. Þetta gekk vel og var skemmtilegt en kannski spurning hvort eitthvað megi breyta þessu þar sem mörg börnin þekkja lítið sem ekkert til upprunalanda sinna og lítil sem engin tenging við þau.

Læsi: Lubbastundirnar eru búnar að vera einu sinni í viku í vetur. Stundirnar voru markvissar og vel undirbúnar. Við notuðum Lubboxin með hlutum, veltum fyrir okkur hver ætti hvaða málhljóð og ýmislegt fleira. Orðaspjallið tengdum við saman við málhljóð vikunnar með því að hafa líka orð vikunnar. Orðin byrjuðu á málhljóði vikunnar og notuðum við orðin mikið og tengdum við okkur á deildinni. Börnin gerðu sér Lubbabækur með því að skrifa málhljóð vikunnar og skreyta. Tras var fyllt út fyrir hvert barn og unnin áætlun með hvað þarf að vinna með. Ýmis vinnugögn voru búin til fyrir börnin til örvunar í einstökum þáttum. Sérkennslustjóri tók málhljóðamælinn á nokkrum börnum og send voru erindi til talmeinafræðings vegna þeirra. Börnin voru sérstaklega ánægð með Lubbastundirnar og fannst erfitt að hætta þeim þegar við vorum búin með málhljóð vetrarins.



4.6 Grænadeild

Hvert líf er einstakt: Höfum farið reglulega í 0-5 skráningar og það verkfæri hefur nýst okkur vel og haft jákvæð áhrif á samskipti á deildinni.

Leikskráningar hafa setið á hakanum og starfsmenn treysta sér misvel í að gera þær. Við munum halda áfram að vinna að því markmiði að allir starfsmenn geri leikskráningar og leggi fram til umræðu á deildafundum.

Höfum lagt áherslu á og munum áfram leggja áherslu á að fylgja börnum eftir í leik og leggja inn góðar samskiptaleiðir. Spil, sögur og umræður hafa komið að góðu gagni við að skapa umræður um að vera góður félagi og að við berum sameiginlega ábyrgð á að öllum líði vel.

Sögustundir: Sögustundir hafa ekki fengið það pláss sem við hefðum viljað en eru samt á uppleið núna. Sögustundir hafa undanfarin ár átt fastan sess eftir síðdegishressingu, en breitt vinnulag vegna covid hefur komið niður á þeim. Við höfum hins vegar gert mikið af því að grípa tækifærin sem gefast til að setjast niður og lesa fyrir 2-3 börn í einu.

Lubbi finnur málbeinið: Fyrir jól var vinnan með Lubba ekki nægilega markviss en á nýju ári var hún tekin fastari tókum og er komin í góðan farveg með aldursmiðuðum verkefnum.

Skapandi starf: Eitt af því sem við gerðum til að ýta undir frjálsa sköpun, var að auka aðgengi að skapandi efnivið, með því að fá vagn á deildina sem við settum svo alls kyns skapandi efnivið á. Börnin sækja þó ekki eins mikið í hann og við höfðum reiknað með, en það er þó að aukast. Við munum halda áfram að halda að þeim kosti að ganga í efniviðinn á vagninum, nota hann eftir eigin höfði og koma með uppástungur um hvað á að vera á honum.

TRAS: Höldum áfram að vinna að því markmiði að allir starfsmenn komi að því að safna upplýsingum til að skrá TRAS. Það gengur betur en á síðasta ári, en ekki eins vel og við viljum að það geri.

Útinámið hefur blómstrað í vetur og sú ákvörðun sem við tókum um áramót að fara með blandaða aldursópa í útinám skilaði ótrúlega góðum árangri. Eldri börnin tóku vel því hlutverki að kenna þeim yngri að vera í gönguferð og þau yngri tóku þau eldri sér til fyrirmyndar.

4.7 Guladeild

Félagsfærni: Þar sem þemu vetrarins voru að mestu unnin út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar lá beinast við að félagsfærni yrði mikill áherslupunktur í starfi vetrarins. Þær bækur sem voru lesnar í sögustundum voru valdar með það í huga að skapa umræður um ágreiningsmálin sem komu upp í þeim. Þar sem hópurinn var ungur fór mikil vinna fram í aðstæðunum hverju sinni og um miðbik vetrar reyndi á þessa vinnu innan starfsmannahópsins en foreldri á deildinni fannst barnið sitt verða undir í samskiptum við annað barn á deildinni og var það farið að hafa áhrif á líðan þess í leikskólanum. Markviss vinna hófst með hópinn og var stuðst við efni frá Vöndu Sigurðardóttur í því að uppræta ágreininginn. Þessi vinna skilaði sér vel í barnahópinum. Við tengdum félagsfærni þemað við fjölmenningu og kynntum börnin fyrir ólíkum menningarheimum en til að mynda fræddust þau um hvaðan ávextirnir koma sem við borðum á morgnanna og var flugleiðin stíkuð út á landakort.

Hjá SOS barnaþorpum er eitt land valið sem þema ársins og að þessu sinni var það Víetnam og var kjörið að taka það fyrir á deildinni og kynna börnin fyrir landinu. Við tók 2 mánaða þemavinna sem lauk með uppskeruhátíð þar sem elduðum Pho súpu á eldstæðinu. Börnin höfðu mjög gaman af verkefninu og má enn heyra þau Víetnam leikjum inni í dal.



Sjálfsfelling: Annað þema vetrarins var sjálfsfelling og eins og með félagsfærni var það tengt menntastefnu Reykjavíkurborgar. Leikskólinn var í samstarfi við Vöndu Sigurðardóttur og fór saman á fyrirlestur með henni um haustið. Vinna hófst síðan inni á hverri deild fyrir sig. Guladeild setti niður hugmyndir að sjálfsfellingu fyrir börnin en hún fól meðal annars í því að kenna börnunum að þekkja tilfinningar sínar, læra að setja mörk og leysa ágreiningsmál. Þessi vinna fór að mestu leyti fram í aðstæðum inni á deild en inn á milli voru félagsfærnisögur teknar fyrir í hvíld og samverustundum. Börnin voru auk þess dugleg að klæða sig sjálf í útifötin og fengu eins litla aðstoð og hægt var í fataklefanum. Þegar Covid takmarkanir voru teknar af fóru þau að skammta sér sjálf á diska í matartímunum.

Mat barnanna: Þemað mat barnanna er nátengt félagsfærni og sjálfsfellingu en mikilvægt er að raddir barnanna heyrist í starfinu og það sé skipulagt út frá þeirra þörfum og áhuga. Því var ekki stuðst við valtoflu deildarinnar en í staðinn var flæði í frjálsum leik á deildinni. Í söngstundum var stuðst við söngspjöld sem börnin höfðu búið til sem gerði það að verkum að þau gátu valið nákvæmlega það lag sem þau vildu syngja enda voru þau fljót að læra að þekkja listaverkin á spjöldunum. Hinir árlegu öskudagsbúningar voru á sínum stað er þar velja börn efnivið, hvað þau ætla að vera og sjá um alla búningagerð og andlitsmálningu frá a til ö. Þar sem útielðunin var stór partur af menningu Guladeildar þetta skólaárið var farið í þemavinnu með börnunum þar sem allir völdu máltíð sem þau höfðu áhuga á að elda og útbjuggu hana svo með kennara á deildinni.

Sköpun: Sköpun er fastur liður í starfi leikskólans þó vissulega megi alltaf bæta sig. Ein af áherslum vetrarins var að hafa markvissa sköpun í starfi deildarinnar og nýta listasmiðjuna vel. Við vorum það heppin að hafa starfsfólk sem sýndi vinnu í listasmiðjunni mikinn áhuga og því var hún notuð í hvert skipti sem deildin átti hana. Um haustið einkenndist sköpunin af þemavinnu í tengslum við haust og vetur og þegar fór að vora voru tekin fyrir verkefni sem tengdust því þegar lífið vaknar á ný. Í vetur hefur Guladeildin verið að fylgjast með tré í Ásmundargarði og hefur það verið tengt við haust, vetur, vor og sumarvinnuna á deildinni. Þegar árið hefur verið klárað munu börnin mála stórt verk af deildartrénu. Aðrir fastir liðir í sköpun hafa verið 2 sjálfsmyndir, fjölskyldumynd, fyrsta mynd deildarinnar og að sjálfsögðu öskudagsbúningarnir.



5 Innra mat sérkennslu

5.1 Mat á sérkennslu 2020-2021

Veturinn 2020-2021 hafa tveir kennarar skipt með sér 100% stöðu sérkennslustjóra, annar í 80% starfi og hinn í 20%. Sérkennslan í Hofi er sniðin eftir þörfum hvers og eins barns og unnið er út frá niðurstöðum skimunarlista og/eða greiningum. Ýmist er unnið með börnin í hópum eða einstaklingslega og fer það eftir barninu sjálfu og/eða niðurstöðum greininga. Barn í atferlistþjálfun er til að mynda eitt með þjálfra sínum sem og ef um máltjáningsröskun er að ræða, önnur málörvun er oftast unnin í hóp. Öll börn í sérkennslu eru með einstaklingsáætlun og hverju barni fylgir dagnóta eftir hverja þjálfunarstund sem er rituð í stílabók merкта barninu, en þar er hægt að fylgjast með framförum barnsins og hvað hefur reynst auðvelt/erfitt að læra. Einstaklingsáætlunin er í stöðugri endurskoðun eftir því sem getan eykst. Einstaklingsáætlunin byggir á styrkleikum og áhugasviði barnsins og þar kemur skýrt fram þau markmið sem stefnt er að, leiðirnar sem hægt er að fara að settum markmiðum og upplýsingar um hvernig meta eigi árangur. Deildarstjórar, þjálfar og foreldrar hafa aðgang að einstaklingsáætluninni.

Þau matsgögn sem stuðst er við í sérkennslu eru: Orðaskil, smábarnalistinn, íslenski þroskalistinn, TRAS, HLJÓM2, EFI-2, AEPS, íslenski málhljóðamælirinn, VB-MAPP, ABLLS-R og PMTO. Í þjálfunarstundum er stuðst við ýmis spil, verkefni og leiki. Sumt er unnið í leikskólanum annað eru aðkeypt gögn á borð við Orðagull og Leikum og lærum með hljóðin. Unnið er í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnsins, haldnir eru reglulega teymisfundir þar sem allir aðilar sem koma að barninu setjast niður og ræða saman um stöðuna og framhaldið. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að deildarstjórum og sérkennslustjóra og geta ýmist fengið ráðgjöf og/eða fræðslu hvert sé best að leita ef um frekari aðstoðar er þörf. Þá er leikskólinn í góðu samstarfi við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, þar sem hann fær ráðgjöf og þjónustu. Ráðgjafar og sálfræðingar koma reglulega á teymisfundi, leggja fyrir próf og veita leikskólanum ráðgjöf. Þá vinnur leikskólinn náið með talmeinafræðingum, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfurum. Leikskólinn vinnur einnig náið með Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, starfsmenn hafa bæði farið á opin námsskeið og einstaklingsmiðuð þjálfunarnámsskeið á þeirra vegum í samvinnu við þjónustumiðstöðina. Einnig hefur Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins verið með ráðgjöf inn í leikskólann.



5.2 Umbótaáætlun

Umbóta- páttur/ matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið /aðferðir?	Viðmið um árangur
	<i>Að hverju er stefnt?</i>	<i>Hvernig framkvæmum við það?</i>	<i>Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?</i>			<i>Hvaða aðferðir á að nota – könnun – rýnihóp safna gögnum</i>	<i>Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði</i>
Sérkennslu- fundir með þjálfum	Mánaðarlegir sérkennslufundir þar sem farið er yfir hvernig þjálfun gengur og þjálfunaraðferðir sambættar.	Að vera með mánaðarlega fundi.	Sérkennslu- stjóri ber ábyrgð og sér um fundarboð og fundarstjórn.	Sept 2021	Mai 2022	Fundargerðir og umræður.	Hvernig gekk að halda fundi? Fannst þjálfum gott að fá endurgjöf frá öðrum þjálfum?
Áætlun um málörvun	Að útbúa sýnilega áætlun um málörvun sem gott/auðvelt er að vinna eftir.	Koma áætlun leikskólans á aðgengilegt form.	Sérkennslu- stjóri	Sept 2021	Mai 2022	Safna saman þeim gögnum sem til eru, vinna úr þeim og koma í einfalt form.	Greinargóð lýsing á málörvun leikskólans sem að nýtist öllu starfsfólki hans.



6 Innra mat – fjöltyngd börn

Verkefnastjóri fjöltyngdra barna var ráðinn í 20% starfi frá 24. ágúst til janúarloka og hefur verið í 30% starfi síðan. Hann hefur í samráði við deildarstjóra unnið með fjöltyngd börn bæði einstaklingslega sem og í hóp. Einnig hefur hann unnið með málörvun fjöltyngdra barna inni á deildum. Gerðar hafa verið einstaklingsáætlanir og unnið út frá þeim. Ekki hefur verið unnið með matstæki sem sérstaklega eru ætluð fjöltyngdum börnum. Þar af leiðandi hefur ekki verið fylgst nógu vel með framförum þeirra nema í gegnum matstæki eins og TRAS, HLJÓM-2 og EFI2 sem ekki er sniðið að þörfum fjöltyngdra barna. Í umbótaáætlun fyrir 2021-2022 er gert ráð fyrir að innleiða Hæfniramma sem Menntamálastofnum gaf út í mars 2021. Verið er að útbúa matsblöð í tengslum við Hæfniramma í leikskólanum og gert er ráð fyrir því að allar deildir verði búnar að innleiða þá í starf sitt næsta vor.

Á öllum deildum leikskólans er hugað að öllum þáttum máls og er vel unnið með grunnorðaforðann í gegnum leik og daglegt starf sem fjöltyngd börn taka þátt í til jafns við önnur börn. Stuðst hefur verið við Orðaspjall og Lubbi hefur verið notaður á öllum deildum. Þar af voru tvær deildir með Lubba í umbótaáætlun sinni fyrir síðasta vetur. Allar deildir hafa unnið undanfarin ár með Gefðu 10 til að örva mál og tal fjöltyngdra barna enn frekar og þar af voru tvær sem höfðu það í umbótaáætlun sinni fyrir síðasta vetur. Hins vegar hefur lítið verið unnið með skráningar í tengslum við Gefðu 10.

6.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Laun verkefnastjóra fjölmenningar, spil, púsl og fleira
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Notum gefðu 10, lagt orð á alla hluti í daglegu starfi, markviss málörvun.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, lestur bóka í samverustundum og í hvíldinni.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já verkefnastjóri sér um að halda utan um alla skráningu. Öll börn fara í gegnum Tras
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já



6.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Nýr matslisti frá Menntamálastofnun gefinn út í Mars 2021.	Ekki hefur áður verið unnið með með mat á fjöltyngdum börnum sem sérstaklega er ætlað þeim.	Búa til einföld matsblöð í tengslum við Hæfniramma na. Innleiða Hæfniramma á allar deildir. Allir starfsmenn lesa Hæfniramma na og koma að því að fylla út matsblöðin. Matslistarnir fylltir út 2x á ári. Kynna fyrir foreldrum.	Verkefnas tjóri fjöltyngr a barna og ábyrgðar menn á hverri deild fyrir sig bera ábyrgð. Allir starfsmenn deildar koma að framkvæmd.	Sept. 2021	Maí 2022	Umræður á deildarfundum og skriflegar athugasemdir.	Er auðvelt að vinna eftir matsblöðunum? Hefur allt starfsfólk lesið Hæfniramma na? Kemur allt starfsfólk að matinu? Að byrjað sé að fylla út matið fyrir öll tvítýngd börn leikskólans fyrir árslok 2021. Búið sé að fylla út amk 2x fyrir hvert barn.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku viðtöl við starfsmenn. Viðtölin áttu að verða nokkur yfir árið en vegna ýmissa þátta urðu þau ekki eins mörg og vonir stóðu til.

Ýmis fræðsla var í boði fyrir starfsmenn þrátt fyrir skrýtið ástand, mörg tilboð voru í boði í fjarkennslu en eitthvað var þó mætt á fundi.

Tveir deildarstjórar eru í meistaranámi í leikskólafræðum, tveir deildarstjórar sóttu námskeið í TRAS, þrír starfsmenn sóttu námskeið SFS fyrir starfsmenn af erlendum uppruna, tveir starfsmenn eru tengiliðir í fjölmenningarfræðslu SFS. Stjórnendur sóttu stjórnendadag borgarinnar, þeir eru einnig í lærdómssamfélagi stjórnenda og leikskólastjóri kláraði forystunám borgarinnar. Sérkennslustjóri fór á námskeið um ísl. smábarnalistann, sat námskeið í PMTO og er í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra.

Deildarstjóri fór á námskeið í Jóga, þrír starfsmenn fóru á námskeið um tengslavanda leik- og grunnskólabarna og þrír starfsmenn fóru á námskeiðið Brú milli landa.

Á skipulagsdögum var boðið upp á fræðslu fyrir alla starfsmenn. Vanda Sigurgeirsdóttir var með erindi um sjálfsefningu og félagsfærni á skipulagsdegi í september. Anna Steinsen var með erindi um samskipti, gleði og virðingu á skipulagsdegi í júní.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskóla og grunnskóla í hverfinu er í föstum skorðum og hefur ekki verið endurskoðað sl. ár. Skólinn setur upp áætlun, heimsóknir á milli skólastiga, útivistardagur og bekkjarheimsóknir dreifast yfir veturinn. Að vori er skipulögð heimsókn leikskólans í frístundaheimilið. Stjórnendur leikskólanna í hverfinu (Laugasól og Hof) hafa hist á óformlegum samráðsfundum öðru hvoru yfir skólaárið og rætt um skipulag, fagleg mál og annað sem upp kemur í starfinu. Mikil ánægja er með þetta samstarf og mun það verða styrkt enn frekar í vetur.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur litast af covid eins og allt annað skólastarf. Foreldraráð er starfandi við skólann en hefur sjaldan fundað en verið í smávegis tölvupóstsamskiptum. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og er til taks ef á þarf að halda. Foreldraráð hefur verið upplýst um stækkun skólans en við vitum ekkert núna hvar það mál er í kerfinu.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, eins og annað hefur starfsemi þess skolest til í ástandinu. Stjórnin kom örsjaldan saman en notaði facebook síðu hópsins til að eiga samskipti og skipuleggja starfið. Foreldrafélagið skipulagði sumarhátíð og gaf starfsmannahópnum peningaupphæð til að nota á haustmánuðum í hópefli eða annað þess háttar.

Engir foreldrafundir voru, deildarstjórar tóku viðtöl á teams, í síma og einstaka viðtal fór fram á staðnum.

Allt horfir til betri vegar á næsta skólaári, foreldrafundir verða haldnir við fyrsta tækifæri og foreldraviðtöl fara fram í skólanum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

23.ágúst (sameiginlegur með Laugasól og Laugarnesskóla)

Helstu verkefni: undirbúa komu nýrra barna á öllum deildum, flutningar af Fjólubláu inn á Gulu og úr undirbúningsherbergi út á Fjólubláu

27. október (sameiginlegur með Laugasól og Laugarnesskóla)

Helstu verkefni: Vinna í skólanámskrá, lesa yfir nokkra kafla og endurbæta og fræðsla, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, Færni til framtíðar

26. nóvember (sameiginlegur með Laugasól)

Helstu verkefni: Vinna að verkefnum vetrarins, endurbæta skólanámskrá og innleiðing menntastefnunnar, hópefli

21. febrúar (sameiginlegur með Laugasól og Laugarnesskóla)

Helstu verkefni: Innleiðing menntastefnunnar, endurbætt skólanámskrá, deildarfundir, árgangafundir

25. og 27. maí

Helstu verkefni: Endurmat á deildum, endurbætt skólanámskrá, námsferð innanlands.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hofs

Særún Ármannsdóttir
Leikskólastjóri

29. október 2021



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2021 – 2022 Leikskólinn Hof

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Gyða Björg Sigurðardóttir

Herbert Mckenzie

Linda Heiðarsdóttir

Tinna Stefánsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Rýni foreldraráðs á starfsáætlun 2021-2022

Foreldraráði leikskólans Hofs barst starfsáætlun skólaársins 2021 – 2022 til umsagnar 29. október 2021.

Covid gerir enn vart við sig og hefur haft mikil áhrif á starfsumhverfi Hofs. Starfsfólki hefur tekist einstaklega vel að halda uppi metnaðarfullu starfi og sést það í samantekt leikskólastjóra þar sem



stiklað er á stóru um helstu verkefni hverra deilda. Mikilvægt ef að velja verkefni í takt við heildarstefnu leikskólans og huga vel að færni og styrkingu allra barna.

Áhersla Hofs á góðan starfsanda er einnig til fyrirmyndar og vonum við að vel sé hlúað að starfsfólki. Það er von foreldraráðs að hægt verði að sinna innra mati deilda enn betur og starfsmenn hafi tækifæri til að funda reglulega og hittast á teymisfundum eins og þarf.

Foreldraráð lýsir yfir miklum áhyggjum af viðvarandi aðstöðuleysi leikskólans og stjórnendur eru settir í erfiða stöðu að þurfa að loka deild vegna plássleysis. Áform um stækkun virðast hafa verið sett á bið og eru hagsmunir barna og fjölskyldna þeirra því virtir að vettugi þegar börn í hverfinu fá ekki inngöngu í sinn hverfisleikskóla. Foreldraráð óskar þess að leitað verði lausna sem fyrst um að ljúka því verki sem hafið er.

Með von um gott skólaár.

Gyða Björg Sigurðardóttir

Herbert Mckenzie

Linda Heiðarsdóttir

Tinna Stefánsdóttir



